

Þingsályktun

um tónmenntakennslu í grunnskólum.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

- að efla og auka tónmenntakennslu í grunnskólum,
- að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla,
- að athuga hvernig best verði staðið að menntun kennara á þessu sviði,
- að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna,
- að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1989.

Samþykkt á Alþingi 5. maí 1989.